

Skýrsla skipulags- og byggingarfulltrúa fyrir árið 2009.

Efnahagskreppan í kjölfar bankahrunsins haustið 2008 og mikill samdráttur í byggingariðnaði henni samfara setti svip sinn á árið 2009.

Ekki var mikil eftirspurn var eftir nýjum byggingarlóðum í Hveragerði frekar en í öðrum sveitarfélögum landsins. Hafist var handa við sárafaár nýframkvæmdir. Samt sem áður höfðu flestir iðnaðarmenn í Hveragerði næga atvinnu einkum við viðhald mannvirkja, sem löskuðust í Suðurlands skjálftanum 2008.

Helstu skipulagsmálin á árinu var breyting á Aðalskipulagi Hveragerðis og umsagnir um áætlanir vegna áforma um tvöföldun Suðurlandsveggar. Á árinu voru kynnt úrslit í samkeppni um hönnun miðbæjar Hveragerðisbæjar.

Fundir skipulags- og byggingarnefndar voru samtals 10 og fjöldi mála á dagskrá voru samtals 73 mál. Til samanburðar voru haldnir 16 fundir árið 2008 og fjöldi mála var þá 91 mál.

1. janúar 2009 tók gildi nýtt erindisbréf fyrir skipulags- og byggingarnefnd Hveragerðis.

Aðalskipulag.

Þann 5/10/2009 var staðfest breyting á Aðalskipulagi Hveragerðis „Tvöföldun Suðurlandsveggar og aðlögun á landnotkun” Málið var það lang umfangsmesta, sem nefndin hafði til meðferðar á árinu.

Í tengslum við áætlanir um tvöföldun Suðurlandsveggar veitti nefndin umsagnir um frummatsskýrslu framkvæmda við Suðurlandsveg frá Hólmsá ofan Reykjavíkur að Hveragerði og um matsáætlun og frummatsskýrslu framkvæmda við Suðurlandsveg frá Hveragerði og austur fyrir Selfoss.

Skipulags- og byggingarnefnd veitti umsögn um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi sveitarfélagsins Ölfus vegna „Bitruvirkjunar, Hellisheiðarvirkjunar, iðnaðarsvæða við Þorlákshöfn og Gráuhnúka, niðurfellingu flugvallar, breytingar á vatnsverndarmörkum og akstursípróttasvæðis”. Þar ítrekaði nefndin fyrri mótmælti sín vegna fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda á Bitrusvæðinu.

Deiliskipulag.

Á árinu voru gerðar breytingar á deiliskipulagi fyrir Arnarheiði og Kjarrheiði/Valsheiði. Báðar breytingarnar voru samþykktar í bæjarstjórn 21/08/2009. Nefndin hafði til umfjöllunar tillögu að breyttu deiliskipulagi Fossflatar, sem miðar að því að auka fjölbreytni og notagilda svæðisins.

Tillagan er enn í vinnslu. Einnig var fjallað um tillögu að deiliskipulagi lóðarinnar Álfafell 1 en hún hlaut ekki afgreiðslu þar sem talið var eðlilegt að hún næði til stærra svæðis en aðeins einnar lóðar.

Úrslit í samkeppni um hönnun miðbæjar Hveragerðis voru tilkynnt 1/02/2009. Tillögur bárust frá 17 aðilum. 1. verðlaun hlutu Ask arkitektar ehf. 2. verðlaun hlutu Arkís ehf og 3. verðlaun hlutu Arkitektar.is. Tvær tillögur til viðbótar voru keyptar en þær þóttu sérstaklega athyglisverðar. Önnur tillagan var frá Batteríinu arkitektar og hin frá þeim Hauki Þórðarsyni, Tinnu Ottesen, Magnúsi Frey Gíslasyni og Evu Harðardóttur. Gert er ráð fyrir að gengið verði til samninga við Ask arkitekta um deiliskipulag miðbæjarins á grundvelli vinningstillögunnar.

Byggingarmál.

Alls voru 33 byggingarleyfi veitt á árinu 2009. Aðallega voru það leyfi fyrir viðbyggingum, breytingum á útliti og innra skipulagi húsa og leyfi fyrir niðurrifi húsa. Aðeins voru veitt tvö byggingarleyfi fyrir nýbyggingum, fyrir einu fjögurra íbúða raðhúsi og fyrir yfirbyggðri íþróttaaðstöðu (mjúkhúsi) á Vorsabæjarvelli. Framkvæmdir við þessi tvö hús hófust ekki á árinu.

Á árinu 2009 var samþykkt að rífa nokkur hús, sem löskuðust í Suðurlandsskjálftanum 2008. Um var að ræða ullarþvottastöðvarhúsið, þrjú íbúðarhús, þrjú bílskúra, þrjú geymsluskúra og fimm gróðurhús. Samtals voru þessi hús um 5.400 fermetra að flatarmáli.

Samþykkt flatarmál íbúðarhúsa í Hveragerði breyttist lítið á árinu. Flatarmál íbúðarhúsnæðis jókst um rúma 200 fermetra en flatarmál annarra húsa minnkaði um 350 fermetra. Á móti þeim 5.400 fermetrum, sem samþykkt var að rífa munar mestu um 4.700 fermetra yfirbyggða íþróttaaðstöðu á Vorsabæjarvelli, sem veitt var byggingarleyfi fyrir.

Önnur mál.

Skipulags- og byggingarnefnd fjallaði um fjölmörg önnur mál svo sem um brunamál, aðgengismál, grenndarkynningar, framkvæmdaleyfi, skilti, stöðuleyfi o.fl. Einnig voru veittar umsagnir um nokkur rekstrarleyfi og leyfi til áfengisveitinga.

Hveragerði 5. janúar 2010

Guðmundur F. Baldursson

Skipulags- og byggingarfulltrúi